



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 22. árg.

September 2007

„Drottinn umbuni verk þitt, og laun þín verði fullkomin, er þú hlýtur af Drottni, Ísraels Guði, þar sem þú ert komin að leita skjóls undir vængjum hans.“ (Rutarbók, 2:12)



Úr sunnudagaskólaefni Þjóðkirkjunnar 2007. Höfundar myndefnis: Pétur Björgvin og Regina B. Þorsteinsson.

Samtakamáttur og samhugur

Sagan af Rut lætur engan ósnortinn. Í mínum áugum var Rut hetja en hún gerðist útlendingur í heimalandi tengdamóður sinnar svo að tengdamóðurinni gæti liðið vel.

Sem útlendingur fékk hún að upplifa að samfélagið sem var henni nýtt tók henni sem fullgildum þjóðfélagsþegn og hún hafði kost á því að nýta sér þá samfélagssátt sem var við lýði að fátækir einstaklingar nytu einnig góðs af uppskerunni á ökrunum. Bóas, eigandi akursins sýndi samhug sinn gagnvart henni og sá til þess að starfsfólk hans tæki höndum saman svo að Rut nyti í alvöru góðs af uppskerunni.

Mörg okkar hafa staðið í flutningum og sum okkar hafa jafnvel búið erlendis og kynnst mismunandi hliðum þess að vera útlendingur. Nú þegar skólarnir eru nýbyrjaðir hér á

Akureyri þá verðum við vör við fjölda fólks með mismunandi bakgrunn sem hefur flutt í bæinn okkar. Þessum línum er ætlað að minna okkur öll á, bæði þau sem nýflutt eru í bæinn sem og okkur sem búið hafa lengur í bænum, að með samtakamátti og samhug getum við byggt upp samfélag þar sem öllum líður vel, samfélag sem nýtur góðs af þeirri fjölbreytni sem íbúar þess hafa fram að færa. Kristur kallar okkur til þess að vera hvort öðru bræður og systur. Tökum höndum saman, byggjum samfélag undir vængjum hans.

Með kærri kveðju og von um að sjá þig í kirkjunni í vetur.

*Pétur Björgvin Þorsteinsson
Djákni í Glerárkirkju*

Sunnudagur 23. september

Fjölskylduguðsþjónusta í Glerárkirkju kl. 11:00. Æskulýðskór Glerárkirkju syngur, leikrit og fleira.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir á vægu verði. – Fjölmennum.

Foreldrar fermingarbarna, munið fundinn að lokinni fjölskylduguðsþjónustu.

Vikan í Glerárkirkju

Á hverjum degi leggja tugir íbúa úr Glerárhverfi leið sína í Glerárkirkju, oftast í þeim erindum að taka þátt í einum af þeim mörgu dagskrárliðum sem í boði eru í kirkjunni yfir vetrartímann. Stundum fáum við sem störfum í kirkjunni ábendingar frá fólki í hverfinu sem hljóða einhvern veginn svona: „Ég hefði komið ef ég hefði vitað að þetta væri í boði.“ Það er miður ef okkur í kirkjunni tekst ekki að koma skilaboðunum áfram til fólksins í hverfinu um hvað er í boði hverju sinni.

Safnaðarblaðið okkar, sem dreift er í hús þrisvar sinnum á ári, er ein af þeim leiðum sem við höfum til að kynna starfið. Að þessu sinni förum við þá leið hér á síðu tvö að gefa yfirlit yfir helstu starfsþætti eftir því á hvaða dögum starfið fer fram og hvetjum við lesendur til að kynna sér dagskrána.

Mánudagar

Barnakór og Æskulýðskór Glerárkirkju æfa undir stjórn Ástu Magnúsdóttur á mánudögum. Barnakórin er opinn öllum börnum úr fyrsta til fimmta bekk. Æfingar eru klukkan 14:00 til 15:00 á hverjum mánudegi og er enn hægt að bætast í hópinn. **Æskulýðskórin** er fyrir börn úr sjötta bekk og eldri en ekki er hægt að taka við fleiri félögum að sinni. Æfingar æskulýðskórsins eru klukkan 16:00 á hverjum mánudegi.

Nánari upplýsingar gefur Ásta kórstjóri í síma 894 4314.

Tíu til Tólf ára starf Glerárkirkju (TTT) er undir stjórn Grétu og Valdísar. Starfið er þegar hafið og mættu 30 börn úr fimmta, sjötta og sjöunda bekk á fyrsta fundinn en þeim sem vilja bætast í hópinn er velkomið að mæta á næsta mánudag. TTT er tómstundastarf þar sem farið er í leiki og margt skemmtilegt gert. TTT hittist á mánudögum frá 17:00 til 18:00.

Nánari upplýsingar gefur Gréta í síma 462 1340.

Tólf spora hópar eru starfandi á mánudagskvöldum í Glerárkirkju. Síðasta opna kvöldið á þessari önn er mánudaginn 24. september, þannig að þeim sem vilja bætast í hópinn er bent á

að mæta það kvöld kl. 19:30. Tólf spora starfið er andlegt ferðalag þar sem unnið er með eigin persónu.

Nánari upplýsingar gefa Heiðrún í síma 862-4703 (e. kl. 16:00) og Anna í síma 699-7627 (á kvöldin).

Þriðjudagar

Ég vil, ég get, ég skal er utanskóla-valgrein fyrir nemendur úr níunda og tíunda bekk þar sem unnið er að sjálfstýrkingu og félagsfærni æfð. Um 20 nemendur eru nú skráðir í valgreinina sem kennd er í safnaðarsal Glerárkirkju á þriðjudögum frá 13:40 til 15:00. **Umsjón befur Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni en skráning fer fram í gegnum grunnskóla viðkomandi nemenda.**

Breytendur er starf að norski fyrirmynd en í Noregi nefnist starfið Changemaker. Starfið byggist á frumkvæði þátttakenda sem vilja láta gott af sér leiða í eigin umhverfi eða gagnvart



Úr sunnudagaskólanum 16. september síðastliðinn.

fólki í öðrum löndum sem þarf á hjálp að halda. **Breytendur** er opið krökkum fimmtán ára og eldri. Fundir eru á þriðjudögum frá 17:00 til 19:00 á neðri hæð Glerárkirkju. Umsjón með starfinu hafa Marta, Stefanie og Elín Svava.

Nánari upplýsingar gefur Elín Svava í síma 867 1877.

Kór Glerárkirkju æfir á þriðjudagskvöldum frá 20:00 til 22:00 undir stjórn Valmars Völjaots og Hjartar Steinbergssonar. Enn er hægt að bæta við kórfélögum og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við organista í kirkjunni í síma 464 8800.

Hér til hliðar er einnig að finna auglýsingu um næstu tónleika kórsins 30. september næstkomandi.

Fermingarfræðsla er á þriðjudögum fyrir 8.1 Síðuskóla kl. 14:40.

Miðvikudagar

Hádegissamvera með fyrirbæn og altarisgöngu er alla miðvikudaga klukkan 12:00 í Glerárkirkju. Hér gefst kirkjugestum kostur á að taka þátt í bænahaldi og eiga helga stund, nokkurs konar vin í óróa hversdagsins. Að stundinni lokinni er boðið upp á léttan hádegisverð á vægu verði í safnaðarsal. Prestar kirkjunnar taka á móti fyrirbænaefnum.

Fram í miðjan nóvember er boðið upp á **ALFA 1 námskeið** á undan hádegissamverunum frá 10:45 til 11:45. Námskeiðið er öllum opið og velkomið að líta inn stöku sinnum eða vera alltaf með.

Námskeiðskvöld. Miðvikudagskvöldin eru námskeiðskvöld í Glerárkirkju. Í haust er boðið upp á tvenns konar námskeið, annað þeirra nefnist **ALFA 1** þar sem fjallað er um persónulega trú og tilvistarspurningar. Hitt nefnist **LIFANDI STEINAR** en þar er fjallað um kirkjuna, helgihaldið, trú og daglegt líf. Þátttakendur á báðum námskeiðum hittast yfir kvöldverð kl. 19:30, fara í námskeiðshópina kl. 20:00 og enda á sameiginlegri helgistund kl. 21:30.

Nánari upplýsingar gefur Pétur Björgvin djákni í síma 864 8451.

Fermingarfræðsla er á miðvikudögum fyrir 8.AMÓ Glerárskóla kl. 14:10 og fyrir 8.KJ Giljaskóla kl. 15:10.

Fimmtudagar

Mömmumorgun, opið hús fyrir foreldra og börn er alla fimmtudaga frá 10:00 til 12:00. Hér hittast foreldrar - oftast mömmur en stundum líka pabbar - til skrafs og ráðagerða á meðan að börnin leika sér eða sofa út í vagni. Boðið er upp á ódýran morgunverð.



Úr sunnudagaskólanum 16. september síðastliðinn.

Athugið að gott barnavagnaaðgengi er að Glerárkirkju og allir foreldrar hjartanlega velkomnir.

Samverur eldri borgara, eru þriðja hvern fimmtudag í mánuði í Glerárkirkju. Boðið er upp á kaffihlaðborð á vægu verði, tónlistarfólk eða aðrir flytjendur koma í heimsókn, lagið er

tekið og Guðs orð að sjálfsgöðu á sínum stað. Fyrsta samvera haustsins er fimmtudaginn 20. september. Næstu samverur verða 18. október og 15. nóvember. Nánar auglýst í Dagskránni hverju sinni.

Feringarfræðsla er á fimmtudögum fyrir 8.BKÓ Giljaskóla kl. 14:30 og 8.2 Síðuskóla kl. 15:30.

Föstudagar

Kaffi-Glerbrot er opið unglungum úr áttunda bekk og eldri á föstudagskvöldum frá 19:00 til 21:00. Boðið er upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá, opið hús og fleira.

Umsjón hafa Stefanie og Marta.

Feringarfræðsla er á föstudögum fyrir 8.FP Glerárskóla kl. 13:20.

Laugardagar

Kirkjuskóli fyrir börn úr fyrsta til fjórða bekk naut mikilla vinsælda síðasta vetur og starfið fer vel af stað núna. Í vetur verður kirkjuskólinn á hverjum laugardegi frá 10:30 til 12:00 í kennslustofu á efri hæð kirkjunnar. Sem fyrr munu Valdís og Gréta hafa umsjón með kirkjuskólanum. **Nánari upplýsingar gefur Valdís í síma 462 7618.**

Sunnudagar

Barnastarfið er á sínum stað alla sunnudaga samhliða messunni klukkan ellefu. Sameiginlegt upphaf er í messunni áður en gengið er í safnaðarsalinn þar sem Ásta og félagar taka á móti börnunum.

Einu sinni í mánuði eru **fjölskylduguðsþjónustur** og eru þá allir aldurshópar saman í kirkjunni allan tímann.

Helgibald á sunnudögum er auglýst á bakhlið safnaðarblaðsins og í Dagskránni í hverri viku. Kirkjugestir eru velkomnir alla sunnudaga yfir vetrartímamann í messu eða fjölskylduguðsþjónustu kl. 11:00 fyrir hádegi. Auk þess er boðið upp á léttar kvöldmessur einu sinni í mánuði.

„Vortónleikar“ Kórs Glerárkirkju

Vortónleikar Kórs Glerárkirkju, sem féllu niður sl. vor vegna veikinda Hjartar Steinbergssonar söngstjóra, verða haldnir sunnudaginn 30. september nk. kl. 17:00 í kirkjunni.

Á tónleikunum syngur kórinn efniskrá sem hann flutti um borð í risastóru farþegaskipi, Voyager of the Seas, en kórinn skelli sér í siglingu með því um Miðjarðarhafið sl. sumar. Þar er íslenskt efni af ýmsum toga uppistaðan ásamt fleiru. Kórnum var stranglega bannað að flytja efni af trúarlegum toga um borð í skipinu, svo nú gefst áheyrendum tækifæri til að hlusta á efni sem ekki er algengt hjá kirkjukórum.

Þíanóleikari með kórnum er Daníel Þorsteinsson og stjórnandi er Hjörtur Steinbergsson.

Aðgangur er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.

Sjá nánar á glerarkirkja.is

Eyjafljardarprófastsdæmi

www.kirkjan.is/eyjafljardarprofastsdaemi

Á næstunni:



Alfa—námskeið
í Glerárkirkju á miðvikudögum frá 19. september til 21. nóvember kl. 19.30. Einnig er boðið upp á námskeið kl. 10.45 fyrir kyrrðarstund í hádeginu.
Alfa 1 – Spurningar lífsins
– Leiðbeinandi: Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, og sr. Gunnlaugur Garðarsson



Lifandi steinar
—námskeið um helgihald kirkjunnar og tengsi þess við daglegt líf í Glerárkirkju á miðvikudagskvöldum frá 19. september til 21. nóvember kl. 19.30.
– Leiðbeinendur: Sr. Guðmundur Guðmundsson og sr. Arnaldur Bárðarson



Emmaus-námskeið
í Dalvíkurkirkju öll fimmtudagskvöld í nóvember kl. 20 og helgistund kl. 21.
– fjallað um nýja þýðingu Biblíunnar.
– Leiðbeinendur: sr. Guðmundur Guðmundsson, sr. Magnús G. Gunnarsson og sr. Óskar H. Óskarsson



Námskeið fyrir sóknameyndarfólk og starfsfólk kirkjunnar
– í safnaðarheimilum Akureyrarkirkju og Dalvíkurkirkju
– Föstudaginn 5. október kl. 17-22 á Akureyri og 6. október kl. 9-16 á Dalvík
– Kynnt ný starfsmannahandbók og rætt um yfirskrift ársins: **Samstarf** safnaða og annarra aðila í kirkjustarfi
– Leiðbeinendur: Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur og skrifstofustjóri Biskupsstofu og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnastjóri.



Námskeið fyrir kirkjuveröð, meðhjálpara og hringjara
– í safnaðarheimili Dalvíkurkirkju samhliða námskeiði fyrir sóknameyndarfólk 6. október kl. 10-16
– Farið yfir helstu þætti í störfum þessara aðila, helgisíði og meðferð kirkjumuna.
– Leiðbeinandi: Sr. Kristján Valur Ingólfsson



„Bænabandið“ – námskeið í tengslum við kyrrðarstundir
– í Glerárkirkju á þriðjudögum kl. 18.10, hefjast 16. október.
– Þann 16. október og 6. nóvember verða sérstakar fræðslustundir um bænabandið kl. 17.30 á undan kyrrðarstund.
– Leiðbeinandi: Sr. Gunnlaugur Garðarsson.



Hjónanámskeið
– í Amtmannssetrinu á Möðruvöllum
mánudaginn 5. og 12. nóvember kl. 20.30
– Námskeið fyrir hjón og sambýlisdæmi um tjáningu, hlustun og samskipti.
– Leiðbeinandi: Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir

Allar upplýsingar um námskeiðin má fá á vef: www.kirkjan.is/eyjafljardarprofastsdaemi og hjá Guðmundi Guðmundssyni héraðspresti í síma 462 6702 eða 897 3302 milli kl. 10-12 alla virka daga. Auk þessara námskeiða kemur fræðsluvið prófastsdæmisins að námskeiðum og umræðufundum í samstarfi við söfnuði, hópa og stofnanir eftir þörfum og óskum.

Fræðsla, námskeið og málstofur

Eyjafljardarprófastsdæmi

Kirkjuvöðstöð & Akureyri
Brekkuötu 1b
600 Akureyri

Sími: 462 6702
Fax: 462 6704
E-mail: guðmundur.guðmundsson@kirkjan.is

Athafnir í Glerárkirkju á næstunni



Fimmtudagur 20. september

- Samvera eldri borgara kl. 15:00.

Sunnudagur 23. september

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.
- Kvöldguðsþjónusta með Krossbandinu kl. 20:30

Sunnudagur 30. september

- Barnastarf og messa kl. 11:00.

Sunnudagur 7. október

- Barnastarf og messa kl. 11:00.
- Kvöldguðsþjónusta með Krossbandinu kl. 20:30

Sunnudagur 14. október

- Barnastarf og messa kl. 11:00.

Fimmtudagur 18. október

- Samvera eldri borgara kl. 15:00.

Sunnudagur 21. október

- Barnastarf og messa kl. 11:00.

Sunnudagur 28. október

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.

Sunnudagur 4. nóvember

- Barnastarf og messa kl. 11:00.
- Kvöldguðsþjónusta með Krossbandinu kl. 20:30

Sunnudagur 11. nóvember

- Barnastarf og messa kl. 11:00.

Fimmtudagur 15. nóvember

- Samvera eldri borgara kl. 15:00.

Sunnudagur 18. nóvember

- Barnastarf og messa kl. 11:00.

Sunnudagur 25. nóvember

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.

Sunnudagur 2. desember

☀️ **15 ára vígsluafmæli kirkjunnar minnst**

- Hátiðarmessa kl. 11:00.

- Aðventukvöld kl. 20:30.

Athugið!

Hádegissamverur með fyrirbæn og altarisgöngu eru alla miðvikudaga kl. 12:00.

Foreldramorgnar eru alla fimmtudaga kl. 10:00 - 12:00.

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11-12 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8808, heima 462 7676 og farsími 864 8456.

Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 13-14 og eftir samkomulagi Sími á skrifstofu 464 8802, heima 462 6605 og farsími 864 8456.

Netfang: arnaldur@glerarkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til fimmtudaga kl. 10-12 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8807 og farsími 864 8455.

Netfang: petur@glerarkirkja.is

Starfsmenn við Glerárkirkju:

Sverrir Pálmason, umsjónarmaður:

Við í kirkjunni daglega kl. 11:00 til 16:00.

Sími á skrifstofu 464 8800 og farsími 864 8453.

Netfang: sverrir@glerarkirkja.is

Organisti í afleysingu:

Valmar Völjaots. Farsími: 849 2949.

Ráðskona:

Sigurros Anna Gísladóttir. Farsími: 848 6440.

Kirkjuverðir:

Sigríður Albertsdóttir. Farsími 847 9025.

Jón Oddgeir Guðmundsson. Farsími 894 4301.

Glerárkirkja, sími 464 8800

www.glerarkirkja.is • Fax: 464 8809

